

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupsstað (I)



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	746686,545 525979,673

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi stöðvarinnar og engar ábendingar um stöðina voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöðin á Neskaupsstað er með starfsleyfi sem gildir til ársins 2030. Eftirlit stöðvarinnar hófst á fundi með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og farið var yfir kröfur sem gerðar eru til stöðvarinnar. Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina hvar í eru mælingar og skráningar sem gerðar hafa verið. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Hér er krafa um mælingu á olíuleifum í frárennsli á þriggja ára fresti eða oftár ef ástæða er til. Næst á að mæla a.m.k. árið 2021 en fyrir ef ástæða þykir til.

Úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem samkvæmt verklagsreglu í stöðinni er ávalt tæmdur af úrgangsolíu áður en hann er aftengdur olíuflutningabil stöðvarinnar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Olíubirgðastöðin á Neskaupsstað er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (BSI) og var vottunarúttekt síðast framkvæmd í september 2017. Ekki komu þar fram athugasemdir við umhverfis- og mengunarmál stöðvarinnar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar um stöðina voru gerðar.

ANNANÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.10.2018

Gottskálk Friðgeirsson